

Fermingarblað Vífils

1. tölublað

22. árgangur

2000




Fermingarbörn í Garða- og Vídalínskirkju 2000
Hátíðarhöld sumardagsins fyrsta í Garðabæ
Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils í 12. sinn



hnýtum lausa enda

EINFALT TOPPSTAG



Hómer



GLEÐILEGT SUMAR



Traustur banki
BÚNADARBANKINN
Gardabæ

Kæru Garðbæingar

Mikið stendur til



Fermingarblað Vifils er nú sent til allra Garðbæinga í tuttugasta og annað skipti og er því farið að skipa sér í röð með elstu blöðunum sem gefin eru út í bænum.

Í blaðinu eru listar yfir þau fermingarbörn sem fermast í Garðakirkju og Vídalinskirkju og eru þeir eins og þeir lágu fyrir þegar blaðið fór í prentun. Hugsanlegt að breytingar hafi orðið frá þeim tíma.

Með blaðinu viljum við kynna okkar árlegu skátaskeytasölu sem verður þá daga, sem fermt er í Garða- og Vídalinskirkju.

Styrkið unglिंगastarf í bænum

Við hvetjum bæjarbúa til að senda vinum, nágrönnum og ættingjum skátaskeyti og styrkja þannig öflugt

æskulýðsstarf í bæjarfélaginu. Einnig bendum við á að skeyti til foreldra fermingar barnsins verða sífellt vinsælli.

Það er engin spurning að við þurfum á styrk þínum að halda og þú styrkir okkur verulega með því að treysta okkur fyrir skátaskeytunum þínum.

Mikið stendur til

Sumardagurinn fyrsti er að koma og viljum við sjá ykkur sem flest þann 20. apríl næstkomandi.

Vifill og Hjálparveitin eru að skoða hugmyndir um sameiginlegt húsnæði. Stór hópur skáta fer til Danmerkur á vinabæjamót í sumar. Vinsælu sumarnámskeiðin okkar verða í tólfta sinn í sumar, svo mikið verður um að vera.

Ný öflug stjórn

Margir nýir hafa komið í stjórn og nefndir félagsins og hefur sjaldan jafn öflugur hópur verið starfandi í þeim málum. Sjá nánari umfjöllun í blaðinu.

Bestu þakkir til auglýsenda

Frá félaginu viljum við senda okkar bestu þakkir til þeirra fyrirtækja og stofnana sem hafa gert þessa útgáfu mögulega. Sumir þessara aðila hafa styrkt okkur í öll 22 árin og viljum við nota tækifærið og þakka þeim fyrir ómetanlega aðstoð.

Með skátakveðju,
Björn Hilmarsson,
ritstjóri.



Útgefandi:
Skátafélagið Vifill
Hraunhólum 12.

Ábyrgðarmaður:
Þór Ingólfsson

Ritstjórn:
Björn Hilmarsson
Helgi Grimsson
Ingibjörg Guðmundsdóttir
Jón Ingvar Bragason

Myndir:
Helgi Grimsson
Ingibjörg Guðmundsdóttir
Unnsteinn Jóhannsson
Myndasafn Vifils

Sumardagurinn fyrsti, 20. apríl

Skátamessa, sumarskemmtun, tertur og þrautabraut!

Afmælisdagur Vífils

Sumardagurinn fyrsti er eins og allir Garðbæingar vita í umsjá Skátafélagsins Vífils í Garðabæ. Sterk hefð hefur myndast um þennan dag og hafa hátíðarhöldin verið með svipuðu sniði milli ára. Sumardagurinn er um leið afmælisdagur félagsins og er þetta sá þriðugasti og þriðji.

Skátamessa í Vídalínskirkju kl. 13
Dagurinn hefst með fánaathöfn við Vídalínskirkju laust fyrir klukkan 13 og hefst svo skátaguðsþjónusta í kirkjunni strax á eftir.

Skrúðganga að Hofsstaðaskóla

Skrúðgangan hefst svo eins og venja er klukkan 14 og verður gengið frá Vídalínskirkju, niður Hofsstaðabraut, eftir Bæjarbraut að Hofsstaðaskóla.

Skátaforingjar úr Vífli munu sjá um fánaborg í skrúðgöngunni og sér Lúðrasveit Garðabæjar um göngutaktinn og hressan undirleik.

Dagskrá við Hofsstaðaskóla

Við Hofsstaðaskóla mun Lúðrasveitin leika nokkur lög og að því loknu hefst skemmtidagskrá þar sem allir ættu að geta fundið eitt-hvað við sitt hæfi, t.d. þrautabraut, leiktæki, söngur og skemmtiatriði.

Skátakaffi og afmælisökur

Hofsstaðaskóli verður opinn og hið viðfræga skátatertuhlaðborð Vífils verður þar með sérstöku afmælis-sniði.

Kaffisalan verður í samkomusal skólans og uppi á sviði verða létt skemmtiatriði og afmælisdagskrá.

**Allir Garðbæingar velkomnir,
eldri skátar fjölmennið !**

Garðbæingar sjáumst !
Sumardagsnefnd.



www.netbanki.is

Ókeypis bankaþjónusta

- í Netbanka Íslandsbanka!

Ekkert afnotagjald

Ekkert stofngjald

Engin færslugjöld

Í Netbanka Íslandsbanka, **netbanki.is**, getur þú átt fjölbreytt bankaviðskipti þér algjörlega að kostnaðarlausu; engin færslugjöld, ekkert afnotagjald, ekkert stofngjald! Íslandsbanki hefur verið leiðandi í þróun bankaviðskipta á Netinu. Þróun þjónustubátta í **netbanki.is** er mjög ör og notendur geta því alltaf átt von á nýjungum sem gera bankaviðskipti á Netinu ánægjulegri, auðveldari og sjálfsagðari.

 [netbanki.is]
Netbanki Íslandsbanka

Bankaviðskipti á Netinu síðan 1996


ÍSLANDBANKI

Vinnustofan Smíðagallerí

Sérsmíði og hönnun
á húsgögnum
og innréttingum.

Auðbrekku 4
Kópavogi
Sími/fax 554 5075



Fermingarskreytingar

Fermingarkerti og servíettur
Páskaskreytingar
Skreytingar við öll tækifæri

Hjá okkur starfar fagfólk!

Garðablóm Garðatorgi
S:5656722

Opíð til kl. 21 öll kvöld og til 22 um helgar.



Góð íþrótt er gulli betri

Íþróttamiðstöðin Ásgarður - Garðabæ

Íþróttamiðstöðin er miðstöð heilsuræktar.
Starfsfólk stöðvarinnar býður Garðabæinga og
gesti velkoma og mun kappkosta að veita góða
þjónustu. Þú getur hvort heldur valið um að æfa
í skípuþögðu starfi íþróttafélags eða setja saman
þína eigin æfingaáætlun.

Íþróttamiðstöðin er miðstöð heilsuræktar.
Við Íþróttamiðstöðina er glæsileg sundlaug,
barnalaug og heitir pottar Stórir og litir æfinga-
salir, upphitunarsalur og þreksalur.
Úti eru tvo gervigrasvöllur, malrívöllur og
grasvöllur.

Það er aldrei of seint að byrja.

Hafðu samband og kynntu þér starfsemi okkar.

Íþróttamiðstöðin Ásgarður - Garðabæ - Sími 565-8066



Íþrotta- og tómstundaráð Garðabæjar

Hvað er að gerast hjá Vífli

Stuttir fréttapunktur

Öflug stjórn

Eftir aðalfund var ljóst að öflugur hópur fólks er kominn til starfa hjá Vífli, bæði í stjórn og einnig í nýrri nefnd sem við köllum Eignaumsýslunefnd Vífils. Nýja stjórnin er listuð hér að neðan, en í Eignaumsýslunefndinni eru þeir Ólafur Helgi Jónsson, Brynjar Hólm Bjarnason, Þór Ingólfsson, Ólafur Þór Jónsson og Jón Svan Sverrisson. Stjórnin og Eignaumsýslunefndin skipar þrautreyndu skátaliði sem samtals á um 120 skátaár á bak við sig – það gæti dugað... Mörg verkefni bíða nýrrar stjórnar og nú verður rokið af stað.

Félagsforingjaskipti

Helgi Grímsson, sem hefur verið félagsforingi Vífils síðustu fjögur árin og starfsmaður félagsins tvö árin þar á undan, gaf ekki kost á sér áfram og viljum við í Vífli þakka honum fyrir frábært starf og mikinn drifkraft þennan tíma.

Skátamiðstöð Garðabæjar

Skátafélagið Vífill og Hjálparseit skáta í Garðabæ eru að skoða þann möguleika á að reisa sameiginlega Skátamiðstöð Garðabæjar á lóð

Hjálparseitarinnar við Bæjarbraut. Búið er að leggja inn umsókn til bæjaryfirvalda og eru þessi mál í vinnslu þessa dagana. Margir kostir eru við að flytja á Bæjarbrautina og er sá stærsti auðvitað sá að með því myndi félagið vera komið í miðkjarna bæjarins og mun styttra fyrir meginþorra Garðabæinga að komast að skátaheimilinu.

Vífill fóstrar Mariuhella

Mariuhellar sem eru rétt við hliðið í Heiðmörk hafa verið í föstri Vífils undanfarin ár og hafa verið farnar sérstakar átaksferðir þangað á vorin. Einnig er svokallaður Skátahellir undir verndarvæng okkar í Vífli og í raun með ólíkindum hvað kemur upp úr þessum hellum árlega. Einnig litum við eftir vinsælum helli ofar í Heiðmörkinni, sem nefnist Fálkahellir. Tekið er til í hellunum og nágreppi þeirra og síðan er haldin vegleg grillveisla í tilefni dagsins. Allir áhugasamir sem vilja aðstoða okkur endilega láti í sér heyra.

Vinabæjarmót í Danmörku

Skátum úr Vífli er boðið að taka þátt í vinabæjarmóti sem verður í sumar í Birkerød í Danmörku. Þar verður

lögð áhersla á skátastarf, kórsöng, íþróttir ásamt mörgu fleiru. Vífill fer út með um 40 skáta að meðtöldum fararstjórum og verður þetta með stærstu skátahópum sem Vífill hefur sent á erlenda grundu. Stór hópur annarra Garðabæinga fer einnig á þetta vinabæjarmót, svo að við Garðabæingar hljótum að eignast bráðum nýlendu þarna í Danaveldi.



Stjórn Vífils skipa nú

Félagsforingi

Guðmundur Guðmundsson

Aðst. félagsforingi

Hermann Sigurðsson

Ritari

Haukur Þór Haraldsson

Gjaldkeri

Björn Hilmarsson

Meðstjórnendur

Björn Hermannsson

Ingibjörg Guðmundsdóttir

Runólfur Birgir Leifsson



Mörg skátamót verða í sumar

Nánast um hverja helgi

Mörg skátamót verða næsta sumar og eru þegar þéttsetnar helgarnar í júní, júlí og ágúst. Má meðal annars nefna Vormót Hraunbúar sem verður í Krýsuvík. Landnemar halda einnig sitt árlega mót í Viðey og síðan verða smærri mót um allt land.

Stórt og mikið ylfingamót verður á Úlfjótuvatni og þar verður einnig stærsta mót sumarsins sem er samnorraent dróttskátamót sem nefnist Nordjamb.

Nordjamb 2000 verður einstök upplifun !!

Næsta sumar, frá 8. til 13. ágúst, munu íslenskir skátar halda alþjóðlegt mót fyrir foringja, drótt- og róverskáta, á aldrinum 15 til 30 ára. Mótið heitir Nordjamb 2000.

Þriðjudaginn, 8. ágúst, verður opunarhátíð í Reykjavík, sem verður uppáklædd og fin, sem ein menningarborga Evrópu árið 2000.

Ævintýrið hefst í Reykjavík

Eftir hátíðina stökkva allir inn í bíla, flugvélar, rútur, langferðabíla (eftir smekk), jeppa, snjótrukka, báta, kajaka, sína eigin gönguskó eða einhvern annan ferðamáta sem þeir



hafa valið fyrir dagskrána sem þeir taka þátt í á þessum ævintýradögum.

En fer um allt land

Þessir dagskrárliðir fara fram víða um land og standa fram á föstudagskvöldið 11. ágúst. Meðal viðfangsefna eru að klifa hæsta fjall Íslands, fara í útreiðartúra upp á hálandi, sjókaajak, vatnakaajak, dvelja yfir nótt á stöðum þar sem fáir hafa stigið stigið fæti, leikhús, siglingar á gúmmibátum niður ár, umhverfisvernd, ljósmyndun, ferðir í fjallabil-

um og fleira og fleira... listinn er næstum endalaus. Hver þátttakandi velur það sem hann langar mest að gera.

Lika til Úlfjótswatns

Föstudaginn 11. ágúst halda allir á Úlfjótswatn og eyða helginni saman. Þar verður í gangi stuð og stemning fyrir alla. Þar ráða skátarnir sjálfir hvað þeir gera, hvort sem það verður á varðeldum, kaffihúsi, í reiftjaldinu, í sundlauginni, grilla, fila grasið þar sem það grær eða eitthvað annað sem þeim finnst spennandi... markmiðið er að kynna þessu frábæra fólki sem statt verður á Úlfjótswatni til þessa daga.

Endað á Þingvöllum

Sunnudaginn 13. ágúst verður mótið slitið á Þingvöllum. Eftir hátíðina verður haldið til Reykjavíkur og ævintýrið endar þar.

Þá verður næsta mál að skipuleggja ferð til Norðurlandanna, Evrópu eða Bandaríkjanna sumarið 2001 til þess að „skátast“ með nýjum vinum og kunningjum.



Nánari upplýsingar finnast á www.scout.is/nordjamb.

Landsmót skáta 1999

Skátar úr Vífli „Léku sitt lag“

Heilt bæjarfélag ris

Landsmót skáta var haldið á Úlfjótuvatni í júlí 1999. Þar komu saman 5000 skátar frá 20 þjóðlöndum. Í rauninni getum við sagt að heilt þorp hafi risið og starfað í heila viku. Hátt í 250 eldri skátar voru starfsmenn mótsins til að lifið í þorpinu gengi sinn vanagang.

Að mörgu er að hyggja

Þegar farið er á landsmót skáta er margt sem þarf að skipuleggja og undirbúa áður en haldið er af stað.

Vetrarstarfið veturinn á undan ein-kennist þá að mestu leiti á undirbúningnum. Fjáraflanir voru skipulagðar af nokkrum vöskum foreldrum og foringjum í félaginu.

Loksins, loksins...

Það var svo bjartan þriðjudagsmorgunn um mitt sumar sem skátarnir mættu í skátaheimilið tilbúnir að leggja í hann. Rútan var hlaðin en eins og oft vill verða þegar stór hópur fer í ferðalag, reyndar var hún ofhlaðin og þurfti að skilja töluvert af

búnaði eftir og senda svo bil eftir afganginum. Við slógum upp tjaldbúð og könnuðum svæðið áður en mótssetningin var um kvöldið. Þema mótsins var „Leiktu þitt lag“ og var söngur, dans og gleði því einkenni mótsins. T.d. hétu öll tjaldsvæðin sem félögunum var skipt á eftir dönsum, samba, rumba og svo tangó þar sem Vífill var. Félaginu var skipt upp í tvær sveitir eldir og yngri sem voru að á sitthvoru svæðinu en höfðu sameiginlegt matartjald en annað ekki. Dagskráin sem flokkarnir áttu að taka þátt í var mjög fjölbreytt og við hæfi hvers og eins.

Dagur á landsmóti.

Fararstjórinn vaknar við vekjarklukkuna í næsta tjaldi og ákveður að hafa sig á stað að vekja skátana áður en Gummi „yfirrásir“ kæmi með pottthlemminn og myndi vekja skátana full harkalega. Fararstjórinn gengur á milli tjaldana og býður öllum góðan daginn. Það er ágætis veður og því óvitlaust að klæða sig í stuttbuxurnar. Útlagar eru þjónustuflokkur dagsins og því þurfa þeir að vera röskir. En nú kemur Gummi með pottana og eldri skátarnir sem enn voru sofandi inni í tjöldum eru „barðir“ úr pokunum. Fararstjórnir ákveða að ræða aðeins málin og skipulag dagsins áður en skátarnir koma og borða morgunmat. Nú fara skátanir að tynast einn af öðrum inn í matartjaldið. Dagskrárstjóri félagsins úthlutar dagskrá flokkana og þá kemur í ljós að Vefjabrokkur eru að fara á hestbak og að Útlagar fara í flekagerð, Inkar í fjallahjólaferð og Steinaldamenn, sem eru eldri krakkar, fara að klifra. Allt saman mjög spennandi og krefjandi verkefni. Það er gleði og glaumur ríkjandi í hópnum þegar þau borða og smyrja nestir fyrir daginn. Eftir uppvaskið eru það Útlagar sem sjá um tiltektina.



Þá er bara að flagga og gera smá morgunleikfimi og halda svo í dag-skrá. Dagurinn liður. Strákarnir dunda sér í góða veðrinu niður við vatnið og koma loks flekanum á flot. Auðvita þurfti flokkurinn að henda Hemma út í vatnið, bara rétt upp á grín. Það var blautur skát-flokkur sem kom heim í tjaldbúð síðdegis. Það var lítið sem gekk á í hinum flokkunum, en allir höfðu samt sögu að segja frá. „Unnsteinn datt í einni beygjunni en hann var með hjálminn og allt var í lagi,“ segir einn Inkanna eftir hjólaferðina. Steinar er orðinn rosalega góður klifrari viðurkenna allir Steinald-armennirnir. En nú var kominn tími til að taka til því forsetinn kemur í heimsókn seinnipartinn. Allir fá sitt verkefni í tiltekt.

Nú eldar mamma í kvöld

Nokkrar mömmur eru komnar í heimsókn og þær elda kvöldmatinn handa okkur. Við syngjum um Guð sem fæðir fuglana og svo er tekið hraustlega til matar síns. Þegar búíð er að þakka fyrir matinn fara allir og ná í skátabúninga og skikkjur og verða tilbúnir fyrir kvöldvökuna sem er að byrja.

Kvöldvaka með 5000 skátum

Við marserum svo að varðeldalautinni, setjumst í hnapp og syngum hátt og skemmtum okkur. „Ojji, hvað þetta er ógeðslegt skemmtiatriði!“ hrópar ein af Víkurskottunum, „ætla þau öll að nota sama tannburstann, ojji og þvo sér um tærnar líka með honum. Þetta er ógeðslegt...“ En allir hlæga og gefa gott skátahróp fyrir. Jæja, kvöldvakan er búin og nú er kominn tími til að drekka kakó og syngja kvöldsöng og skrída svo í poka. Sá flokkur sem er fystur inn í tjald fær draugasögu. Það er samt eins og sumir séu visvitandi að reyna að vera seinir. Það eru þeir sem vilja ekki sögu.

Mýsnar fara á stjá

Nú er dagurinn liðinn og nú er kominn tími foringjanna. Þeir fara og hitt-

ast á kaffihúsinu, fá sér vöflu og spjalla. Þegar þeir koma aftur inn í tjaldbúð er farið að rigna og því þarf að ganga á tjöldin staga þau betur og hirða upp sokka og skó sem hafa ekki ratað inn í tjöldin sín. Það er örþreyttur fararstjóri sem skriður inn í tjald og sofnar. Fyrr en varði er eina hljóðið fuglasöngur og hrotukór sem renna saman í eitt í næturkyrrðinni. Á morgun rennur upp annar viðburðaríkur dagur á landsmóti.

Ingibjörg Guðmundsdóttir




Myndir úr starfi Vífils




Skátaskeytin eru falleg sending



1. Bessastaðagluggi



2. Vardeldur



3. Frá Úlfjótuvatni



4. Fljúgandi svanir



5. Jöklasýn



Mappa utan um skeytin
Öll skeyti eru send út í svona möppu

Þetta eru þær skátaskeytategundir sem eru í boði.

Munið að einnig er hægt að panta skrautrituð skeyti.

Tekið er á móti pöntunum í Skátaheimilinu Vífilsfelli, sem er að Hraunhólum 12 í Garðabæ. Athugið að móttaka skeytapantana er opin milli klukkan 11 og 17. Ef pantað er simleiðis, verður að greiða með greiðslukorti og er nægilegt að gefa upp greiðslukortanúmer og gildistíma.

Verð á skeytunum er: Vélrituð skeyti kr. 500. Skrautrituð skeyti kr. 950.

**Pantið skátaskeytin í sínum
565-8989 og 565-8820.**

**Einnig er hægt að koma í
Skátaheimilið Vífilsfell að Hraunhólum 12.**

Fermingar í Garða- og Vídalínskirkju 2000

Vídalínskirkja 2. apríl kl. 10.30

101	Anton Rafn Jónasson	Bæjargil 95
102	Arna Gunnarsdóttir	Krókamýri 26
103	Bjarki Þórarinnsson	Jökulhæð 3
104	Björk Gunnarsdóttir	Krókamýri 26
105	Elsa Rut Óðinsdóttir	Markarflöt 25
106	Erla Hleiður Tryggvad.	Holtubúð 55
107	Erna Haraldsdóttir	Bæjargil 109
108	Gréttur Sveinn Þorsteinnsson	Sjávargrund 12b
109	Guðmundur Bjarnason	Bæjargil 22
110	Guðmundur S. Guðmundsson	Hrísmóar 8
111	Gunnar Órn Simonarson	Holtubúð 54
112	Hilmar Órn Eyþórsson	Bárðaris 3, Hottiss.
113	Inga Ragna Ingjaldsdóttir	Bæjargil 24
114	Jakob Arnar Óktósson	Brekkubyggð 56
115	Jón Gunnar Haraldsson	Bólstaður
116	Jón Þór Vigfússon	Asparlundur 4
117	Jónas Þór Brynjarsson	Bæjargil 38
118	Kristján Einarsson	Asparlundur 5
119	Kristmundur Freyr Guðjónsson	Lyngmóar 4
120	Linda Björk Lárusdóttir	Bæjargil 98
121	Páll Arnar Guðmundsson	Háholt 1
122	Ragnheiður Eiríksdóttir	Blíkanes 6
123	Skúli Steinar Pétursson	Ásbúð 84
124	Sonja Gunnarsdóttir	Smáraflöt 2
125	Vala Dís Birgisdóttir	Engimýri 11

Garðakirkja 2. apríl kl. 13.30

126	Auður Lilja Harðardóttir	Langamýri 33
127	Ágústa Ýr Hafsteinsdóttir	Krókamýri 38
128	Ásgeir Bjarnason	Hrísmóar 3
129	Brynja Jónsdóttir	Skógarlundur 17
130	Daniel Holger Stefánsson	Melás 7
131	David Þór Óðinsson	Fagrahæð 5
132	Einar Jón Vilhjálmsson	Háhæð 8
133	Eyrún Bjarnadóttir	Þrastarlundur 3
134	Guðjón Baldvinsson	Bæjargil 48
135	Helga Sigurðardóttir	Bæjargil 1
136	Ivar Már Markússon	Bæjargil 94
137	Margrét S. Kristjánsdóttir	Hegranes 19
138	Nói Christiansen	Blíkanes 7
139	Ómar Emilsson	Smáraflöt 3
140	Tinna Jóhannsdóttir	Hrísmóar 9
141	Órn Arnarson	Hegranes 27

Garðakirkju 9. apríl kl. 10.30

201	Andrés Már Logason	Lyngmóar 11
202	Anna Sigrún Ingimarsdóttir	Holtubúð 41
203	Anna Ýr Gísladóttir	Súlunes 25
204	Bjarki Páll Eysteinnsson	Bæjargil 37
205	Dagbjört Ásta Jónsdóttir	Breiðis 2
206	Daniel Laxdal	Bæjargil 82
207	Gunnar Hrafn Jónsson	Markarflöt 10
208	Halldór Ragnar Emilsson	Heiðarlundur 21
209	Haraldur Geir Þorsteinnsson	Ásbúð 88
210	Haukur Þorsteinnsson	Hvannalundur 10
211	Hjördis Hugrún Sigurðardóttir	Tjarnarflöt 1
212	Jóhanna Ragnheiður Lárusd.	Kríunes 1
213	Margrét Jóna Pétursdóttir	Blíkanes 31
214	Rakel Dógg Bragadóttir	Hjallabraut 43 HC
215	Sigurbjörn Ingimundarson	Reynilundur 7
216	Sindri Már Sigurþósson	Bæjargil 9
217	Stefanía Scheving Thorsteinnsson	Mávanes 7

Vídalínskirkja 16. apríl kl. 10.30

301	Anna Lilja Hallgrímsdóttir	Heiðarlundur 19
302	Arnar Snorri Gíslason	Bæjargil 3
303	Ágeir Einarsson	Langamýri 9
304	Gunnlaug Björk Magnúsdóttir	Lyngmóar 16
305	Halla María Þórðardóttir	Hrísholt 4
306	Haukur Ingimarsson	Súlunes 5
307	Heiðrún Matthildur Atladóttir	Reynilundur 2
308	Hildur María Þórisdóttir	Blíkanes 18
309	Ingunn Blöndal	Nónhæð 3
310	Jóhann Grétar Gízararson	Ægisgrund 20
311	Kristinn Viðar Ragnarsson	Ásbúð 63
312	Lilja Björk Ásgrímsdóttir	Kjarrmóar 31
313	Lilja Lind Pálsdóttir	Bæjargil 89
314	María Einaradóttir	Ásbúð 48
315	Sigrún Viðarsdóttir	Hlíðarbyggð 45
316	Umnsteinn Jóhannsson	Háhæð 11
317	Valgerður Rós Karlsdóttir	Bæjargil 87
318	Þórhildur Edda Gunnarsdóttir	Ásbúð 89

Pantið skátaskeytin í sínum 565-8989 & 565-8820

eða komið í Skátaheimilið að Hraunhólum 12

Prestar verða séra Hans Markús Hafsteinnsson og séra Friðrik J. Hjartar.

Vidalínskirkja 16. apríl kl. 13.30

319	Aðalheiður Ósk Guðlaugsdóttir	Krókamýri 66
320	Ástþór Barkarson	Markarflöt 57
321	Baldur Freyr Ólafsson	Klyfjasel 30
322	Bryndís Anna Árnadóttir	Langamýri 43
323	Daði Rúnar Skúlason	Eskiholt 3
324	Dagmar Ásgeirsdóttir	Hrísmóar 4
325	Dagný Björk Órlygsdóttir	Ægisgrund 12
326	Elín Helga Þórarinsdóttir	Lindarflöt 17
327	Elisabet Björt Eyjólfssdóttir	Melhað 2
328	Elma Sif Einarsdóttir	Hörgatún 9
329	Erla María Wendel	Nónhað 4
330	Halldóra Júlía Þorvaldsdóttir	Breiðis 9
331	Hlymur Erlendsson	Laufás 2
332	Oddur Bogason	Mávanes 13
333	Sigríður Dís Guðjónsdóttir	Þrastarlundur 2
334	Sigríður Regina Valdmarsdóttir	Eskiholt 18
335	Vigdís Halldórsdóttir	Bæjargil 15
336	Þórunn Guðlaugsdóttir	Holtsbúð 77

Garðakirkja 24. apríl kl. 10.30

401	Elsa Ósp Sævarsdóttir	Bæjargil 41
402	Freyja Haraldsdóttir	Melhað 3
403	Guðgeir Sturluson	Krókamýri 78
404	Haraldur Ingi Kristmanns	Eskiholt 10
405	Harpa Þorsteinsdóttir	Álfaskeið 70, HF.
406	Hilmar Þór Birgisson	Garðatorg 7
407	María Ólafsdóttir	Skógarlundur 6
408	Rakel Arna Ottesen Arnarsdóttir	Langamýri 26
409	Sara Björk Magnúsdóttir	Blómahæð 7
410	Sigrún Birgisdóttir	Brekkubyggð 61
411	Sóley María Bogadóttir	Mávanes 1
412	Valdimar Einar Valdimarsson	Engimýri 5

Garðabæingar sem fermast í Bessastaðakirkju 20. apríl kl. 13.30

350	Andri Stanley Sigurðsson	Súlunesi 7
351	Árný Nanna Snorradóttir	Bæjargil 75
352	Bergdís Inga Brynjarsdóttir	Háhað 10
353	Bragi Brynjarsson	Eyktarhað 2
354	Sigrún Berglind Andrésdóttir	Lækjarfit 5

Athugið að þegar þessi fermingarborn úr Garðabæ verða fermd í Bessastaðakirkju, þann 20. apríl, eru ekki fermingar í Garðabæ.

Pantanir til þeirra þurfa því að berast 16. apríl!



Þökkum veittan stuðning

Munið að hafa tilbúið kreditkortid þegar þið hringið til okkar til að gefa okkur upp kortanúmerid og gildistímamann á því.

Þegar skátaskeyti er pantað er einfaldast að gefa upp raðnúmerid sem er við nafnið. Það flýtir fyrir afgreiðslu hjá okkur.

Athugið breyttan opnunartíma.

Afgreiðslan í Skátaheimilinu er opin milli klukkan 11 og 17 og við lokum stundvíslega til að koma skeytunum út eins fljótt og auðið er.

Munið að við tökum á móti skeytum í Hafnarfjörð og Kópavog, þá daga sem fermingar eru í Garðakirkju og Vidalínskirkju.

Félagsútilega Vífils

Fjölmenni í snjó og ófærð



Það voru hressir skátar úr Vífli sem hittust föstudagskvöldið 25. febrúar til þess að bruna austur að Úlfjótuvatni í félagsútilegu. Reyndar voru það svo margir að við sprengdum utan af okkur rútuna og þurfti að fara á tveimur einkabilum líka.

Um kvöldið var útilegan sett með fjörugum næturleik sem var haldin í samvinnu við álfa og önnur furðufyrirbæri. Í næturleiknum fékk liðið að arka í gegnum mannhæðarháa skafla, kannski ekki alveg svo mikið en nálægt því var það. Eftir leikinn var kvöldkakó og svo var haldið í háttinn, eða allavega flestir.

Mikið útilíf á laugardeginum

Um morguninn var fjörugur pósta-leikur sem drótskátarnir í Hellisbúum sáu um. Þar tókust skátarnir á við ýmis margslungin skátaverkefni.



Eftir hádegismat fóru skátaflokkarnir í markferðir í nágrenninu, sumir þurftu reyndar að arka snjó upp að mitti þar sem mikið hafði snjóað um nóttina.

Ylfingarnir unnu við að mála myndir eftir hádegi og þau ákváðu að mála mynd sem tengdist náttúrunni

Fjör á kvöldvökunni

Eftir frábæra kvöldveislu, sem Haukur Þór úr félagsstjórninni matreiddi ásamt undirrituðum var haldin ekta skátakvöldvaka. Þar var létt og skemmtileg stemming og fengu skátarnir afhentar vörður, en það eru ný merki sem sett eru á skátabúninginn, fyrir að hafa lokið hinu ýmsu verkefnum sem þau hafa verið að vinna að í vetur. Nokkrir drótskátar fengu óvænt að taka þátt í skyndhjálparæfingu hjá Hjálparsveit skáta úr Kópavogi, sem var á námskeiði þarna rétt hjá og er skemmst frá því að segja að viðbrögð þeirra voru mjög góð og var þeim hrósað fyrir viðbragðsflýti.

Löng er leiðin heim...

Það er eiginlega orðinn fastur liður að lenda í ófærð á leiðinni heim. Við komumst af stað en þegar komið var í Þrengslin, þá sat allt fast. Alls vorum við um sjö tíma á leiðinni



heim og voru margir orðnir svangir og slæptir, en við komumst þó heim fyrir miðnætti og allir voru sælir og glaðir að lokinni góðri útilegu.

Jón Ingvar Bragason



Skátaskáli Vífils - Vífilsbúð

Sífelld gerður betri



Skátafélagið Vifill á skátaskálann Vífilsbúð uppi í Heiðmörk. Skálinn er mikið notaður af skátum félagsins og er hann nánast í útleigu hverja einustu helgi.

Mikið hefur verið gert, bæði í

skálanum og í nágrenni hans. Í sumar var sléttað út svæði sem verður notað sem tjaldstæði og einnig lagðir göngustígarog sáð grasfræi.

Nú í haust var svo gert bislag við skálann og stór forstofa þar sem

hægt er að fara úr útigöllunum. Einnig var lagaður pallurinn og gert stórt og gott handrið.

Skálinn er því orðinn hinn glæsilegasti og nú í vor mun rætast langþráður draumur þegar rafmagn verður lagt í skálann. Allt er tilbúið fyrir rafmagnið, bara að stinga í samband...



BÓNUSVIDEÓ

Vídeóleiga s. 565 8633

Pizzur s. 565 9440

SMÍÐSBÚÐ 9



TILBOÐ:

Spóla og 100 g **TOBLERONE** súkkulaði
á aðeins 450 krónur!

Takið eftir: Opið alla páskadagana kl. 12-23:30

Dróttskátamót í Þórsmörk

Hafnarfjörður, Garðabær og Kópavogur sameinast

Skátafélagin í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi og Hjálparveitir skáta í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi héldu dróttskátamót í Þórsmörk 22.-24. október á seinasta ári. Var þetta mót liður í samstarfi Bandalags íslenskra skáta og Slysavarnarfélags Landsbjargar. Mótið heppnaðist sérstaklega vel enda mannskapurinn frábær, öll tæki og tól til staðar, veðurguðirnir hliðhollir og Þórsmörk skartaði sínu fegursta.

Ævintýraleg dagskrá


Dagskráin fór fram víða um svæðið, allt frá Gígjökli og inn að Básum. Á föstudagskvöldinu var skemmtilegur næturleikur sem reyndi á þekkingu í ýmsum skátaíþróttum. Á laugardeginum var flökkuðu skátarnir á milli sannkallaðra ævintýrapósta sem hjálparveitarmenn

skipulögðu. Við Gígjökul fengu dróttskátarnir leiðsögn um notkun manbrodda og isklifur, róðið var á kanó á jökullóninu og við göngu-

brúna fengu skátarnir þjálfun í skyndihjálp. Við Langadal var vaðið yfir Krossá og svifið yfir hana til baka í svifbraut. Eftir að skátarnir höfðu fengið hita á ný í kroppinn fengu þeir leiðsögn í kortalestri, rötun og meðferð talstöðva. Inn við Bása sigu dróttskátarnir niður 15 metra háan klett og klifu í klettum undir handleiðslu sérfróðra klettklifrara.

Grill, grín og glens

Um kvöldið var grillað og að veislu lokinni var fjörug kvöldvaka með tilheyrandi söngvum, gríni og glensi. Á sunnudeginum var síðan metamót þar sem dróttskátasveitirnar kepptu innbyrðis í ýmsum óhefðbundnum íþróttagreinum eins og Bibó, samgöngu, skyráti og mann-



Vilt þú taka þátt í ylfinga- eða skátastarfi?

Hringdu þá í síma 565 8820
á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum
milli kl. 18 og 20.

piramíðahleðslu. Skömmu fyrir heimferð kynntu björgunarsveitirnar starfsemi sína hver fyrir sinni drótt-skátasveit og það er ljóst að eftirvæntingin er talsverð...

Viltu vera með?

Dróttskátastarf er lykkillinn að starfi björgunarsveit. Ef þú ert 15 ára vilt takast á við spennandi ævintýri og fá undirbúning fyrir starf í Hjálparsveit

skáta í Garðabæ þá er það ekki spurning. Kiktu út í Skátaheimilið Vífilsfell og skráðu þig og **VERTU MED!**

Helgi Grímsson



Sparitilboð



A

Stór pizza með tveimur áleggstegundum, 2 l af Coke, stór skammtur af brauðstöngum og sósa á aðeins 1.799 kr.

C

Lítill pizza með tveimur áleggstegundum, 1/2 l Coke, á aðeins 610 kr. ef pizzan er sótt.

B

Miðlungs pizza með tveimur áleggstegundum, 2 l af Coke, stór skammtur af brauðstöngum og sósa á aðeins 1.499 kr.

II

Tvennutilboð: Ef þú sækir pizzu og stóran skammt af brauðstöngum þá færðu aðra pizzu að auki.

GRENSÁSVEGI 11 HÖFÐABAKKA 1 GARDATORGI 7 FJARDARGÖTU 11
 ANANAUSTUM 15 KRINGLUNNI
 SPÖNGINNI GRAFARVÖGI NÝBYLAVEGI 14
www.dominos.is

58 - einn - tveir - þrjú - fjórir - fimm

Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils haldið í tólfta sinn!

Spennandi möguleiki fyrir hressa krakka í júní og júlí!

Útilífs- og ævintýranámskeið haldin í 12. sinn!

Útilífs- og ævintýranámskeiðin eru skemmtileg námskeið sem Skátafélagið Vífill hefur haldið í samvinnu við Íþrótt- og tómstundaráð tíu undanfarin sumur.

Hápunkturinn er útilegan í lokin
Hápunktur hvers námskeiðs er síðan tjaldútilega í Heiðmörk. Í útilegunni verður grillað, haldin kvöldvaka og farið í póstaleiki.

Í stuttu máli er gert flest það sem tilheyrir alvöru skátaútilegum, enda er útilíf og útilegur sérgrein okkar skátanna.



Dagskrá byggð á reynslu!

Í sumar verða haldin námskeið fyrir aldurshópana 8-10 ára og 11-13 ára. Þátttakendum verður skipt upp í flokka eftir aldri og getu, en flokkarnir munu starfa saman allt námskeiðið.

Spennandi og fræðandi dagskrá

Farið verður í hellaferð, fjöruferð, fjallgöngu, hjólaferð og kynnisferðir. Á námskeiðinu læra þátttakendur sitthvað um skyndihjálp, ferðamennsku, áttavita og náttúru landsins, svo fátt eitt sé nefnt.

Fjörnámskeið fyrir 11-13 ára

Í lok júlí verður haldið fjörnámskeið fyrir krakka 11-13 ára þar sem farið er í meira krefjandi verkefni og megin áhersla lögð á útilíf.

Takmarkaður fjöldi er á hvert námskeið því við leggjum metnað í að sinna öllum þátttakendum sem best.

Reyndir foringjar leiðbeina

Námskeiðunum er stýrt af reyndum skátaforingjum sem kunna sitt fag og hafa margra ára skátastarf að baki. Þeir eru þaukunnugir útilífi og stjórnun í skátastarfi.

Skráning á námskeiðin

Skráning á Útilífs og ævintýranámskeið Vífils verður á sama stað og tíma og skráning í íþrótt- og leikjanámskeið Gardabæjar. Auk þess er hægt að afla upplýsinga um námskeiðin í skátaheimilinu Vífilsfelli í síma 565-8820.



Sjáumst í sumar á Útilífs- og ævintýranámskeiði!

Myndir úr starfi Vífils



Vífill heldur til sjós...

Skátafélagið kaupir kanóa

Eftir landsmót skáta nú í sumar bauðst félaginu að kaupa vandað kanóa sem voru notaðir í dagskrá mótsins. Er skemmst frá því að segja að Vífill keypti fjóra kanóa, árar og björgunarvesti. Einnig var fjárfest í góðri kerru og er því auðvelt að flytja þá hvert sem er.

Mikill áhugi er fyrir þessum bátum í félaginu og hafa þeir notaðir töluvert af skátum félagsins. Hugmyndir hafa vaknað um að Vífill geti sett upp aðstöðu fyrir „sjóskáta“ í aðstöðu gamla Siglingaklúbbsins.

Þessir bátar eiga eftir að nýtast vel í öllu skátastarfi t.d. á vorin, hinir alhörðustu tala um að róa til Viðeyjar á Landnemamót í sumar. Kanóarnir verða einnig notaðir í Ævintýra- og útilifsnámskeiðum félagsins í sumar.

Allir áhugasamir um kanóasiglingar, en eru ekki í skátunum, geta fengið allar upplýsingar um þá og nýtingu á þeim hjá starfsmanni. Einnig er vel tekið á móti öllum hugmyndum varðandi kanóana.

Hægt verður að leigja kanóana hjá félaginu og allar nánari upplýsingar gefur starfsmaður félagsins í síma 565-8820.



Garðbæingar! Munið skátaskeytin!


BITABÆR
 Ásgarði Garðabæ
 Sími 565-8050

Garðatorg



Fyrirtækja- og þjónustumiðstöð

Vantar þig Þjóðarsýn ?



FERLI

The screenshot shows a window titled "Upplýsingar um aðila" (Information about user). It contains several input fields and buttons. The fields include "Nafn" (Name), "Fjölskyldunúmer" (Family number), "Vinnu- og starfsferill" (Work and career), "Vinnu- og starfsferill" (Work and career), "Vinnu- og starfsferill" (Work and career), "Vinnu- og starfsferill" (Work and career), "Vinnu- og starfsferill" (Work and career), "Vinnu- og starfsferill" (Work and career), "Vinnu- og starfsferill" (Work and career), "Vinnu- og starfsferill" (Work and career), "Vinnu- og starfsferill" (Work and career). There are also buttons for "Skiptastjórnun" (Management), "Skiptastjórnun" (Management), "Skiptastjórnun" (Management), "Skiptastjórnun" (Management), "Skiptastjórnun" (Management), "Skiptastjórnun" (Management), "Skiptastjórnun" (Management), "Skiptastjórnun" (Management), "Skiptastjórnun" (Management), "Skiptastjórnun" (Management).

Viltu senda póst á rétta staði?

Viltu minnka innslátt ?

Viltu réttar upplýsingar ?

Viltu nýta þér þjóðskrá ?

Þjóðarsýn er heildar

þjóðskrárkerfi fyrir

PC, NT og AS/400

Mánaðarlegar eða

daglegar uppfærslur

Ferli ehf. dreifir broytingaskrárn
þjóðskrár samkvæmt sérstöku
keyfi frá Hagstofu Íslands.

Ferli ehf. Alhliða tölvuþjónusta
Hlíðasmára 8 Kópavogi S: 544-5888 www.ferli.is

Garðbæingar!

Við erum í næsta nágrenni



**Kópavogi
og Hafnarfirði
S: 515 - 4000**

START

fyrir vaxandi fólk

Í peningamálum er skynsamlegt að horfa fram á við og fara vel með fjármuni svo að þeir komi þér að góðum notum þegar á þarf að halda.

Í Starti, unglingsþjónustu Sparisjóðsins, geturðu ávaxtað peninga og fengið hjá okkur aðstoð og góð ráð í peningamálum.

Láttu sjá þig hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar.
Við tökum vel á móti þér.



Afgreidslustaðir
Sparisjóðs Hafnarfjarðar:

Strandgata 8-10.
Reykjavíkurvegur 66.
Fjarðarkaup
Garðatorg 1, Garðabæ.

Kiktu á heimasíðu
Sparisjóðs Hafnarfjarðar:
www.sph.is

sph

SPARISJÓÐUR
HAFNARFJARÐAR